

Hulda Kristjánsdóttir

From: Fjóla Einarsdóttir <fjola@strokur.is>
Sent: miðvikudagur, 9. október 2024 13:40
To: Fjóla Einarsdóttir
Subject: Beiðni um styrk

Ágæti viðtakandi

Nú sendum við hjá Klúbbnum Strók beiðni á bæjar- og sveitarfélögin sem nýta sér þjónustu Stróks beiðni um fjárhagslegan stuðning. Strókur er virknimiðstöð staðsett á Skólavöllum 1 á Selfossi. Aðal markmið Klúbbsins Stróks er að styðja við bataferli notenda heilbrigðiskerfisins og að fólk með geðraskanir og/eða félagslega einangrun fái úrræði við sitt hæfi í heimabyggð. Einnig að auka tengsl fólks og efla einstaklinginn til sjálfshjálpar, stuðla að virkni og endurkomu út á vinnumarkað, fyrirbyggja innlagnir og brjóta niður fordóma.

Í lok árs 2023 var heildarfjöldi virkra félaga í Strók 49 manns. Starfsemin eftir áramót 2022-2023 fór af stað fimmtudaginn 4. janúar. Daglegt rennsli í húsið var frá 9-26 manns, 2796 skráðar heimsóknir eða að meðaltali 16 manns á dag, og heildarfjöldi á hverjum mánuði að meðaltali 233 manns en árið 2022 var það 217 manns. Aldursdreifing félaga er frá 25 til 81 ára. Kynjahlutfallið árið 2023 var 17 karlar (35%) og 32 konur (65%) sem er aðeins hærra kynjahlutfall karla en undanfarin ár. Í dagskrá Stróks má finna eftirfarandi dagskráliði; akrýlmálun, listmálun, steypu- og gipsvinnu, kennslu í málun, göngutúra, enskukennslu, húsfundi, fluguhnýtingar, skartgripagerð, fyrirlestrar um málefni er tengjast geðheilsu, blómaræktun og sundleikfimi svo fátt eitt sé nefnt. Þó nokkrir félagar og nýliðar nýttu sér einstaklingsviðtöl þar sem þeir fengu ýmist almennan stuðning og leiðbeiningar um kerfið og/eða aðstoð við markmiðasetningu.

Það hefur fjölgað töluvert í húsi seinustu ár og þá sérstaklega núna árið 2024. Fleiri yngri karlmenn eru að nýta sér úrræðið en áður og stoppa lengur yfir daginn. Félagar eru einnig að koma daglega lengra frá en áður og má þar nefna að fjórir nýir félagar eru að koma frá Þorlákshöfn og tveir af þeim koma á hverjum degi.

Við þurftum að lækka starfshlutfallið hjá okkur í fyrra vegna skorts á fjármagni sem er bagalegt því það þýðir að þessir tveir starfsmenn sem vinna hér (báðir í hlutastarfi) þurfa að hlaupa hraðar til að ná að sinna öllu. Við vonum að árið 2025 beri það með sér að fjárframlög til Stróks hækki en þar til verðum við að leita á náðir velunnara til að halda starfseminni gangandi.

Með von um jákvæð svör



Fjóla Einarsdóttir
Forstöðumaður Klúbbsins Stróks
Skólavöllum 1, 800 Selfoss
Sími: 482-1757/690-9690